

Kópavogi 22.9.2021

Til þeirra sem málið varðar

Undirritaður hefur hug á að láta setja upp sólskála á baklóð í Heimalind 9, 201 Kópavogi.

Meðfylgjandi eru teikningar frá Jón Bergsson ehf og grunnteikning frá undirrituðum, til útskýringar.

Einnig er meðfylgjandi ljósmynd af þeim stað þar sem fyrirhugað er að sólskálinn komi.

Skálinn verður byggður úr álprófilum og hertu gleri og kemur í einingum frá framleiðanda erlendis.

Engar hita-,raf eða vatnslagnir verða í skálanum.

Meðfylgjandi er einnig skriflegt samþykki eigenda húsa sem eru í sjónlínu við fyrirhugaðann skála, en vegna staðhátta sést ákaflega lítið inn á lóðina, en efsti hluti skálans yrði sjáanlegur frá 4 húsum.

Ég vonast til að þessi gögn séu nægjanleg til að þar til bærir aðilar samþykki þessa litlu framkvæmd, án þess að lagt verði út í allan þann kostnað og fyrirhöfn sem hefðbundið ferli byggingaleyfis er.

Fyrir venjulega ellilífeyrisþega er það á mörkum að ráðast í þessa framkvæmd, þó að ekki bætist við verulegur umsóknarkostnaður.

Ég er algjörlega meðvitaður um að það er nauðsynlegt að fá samþykki yfirvalda, þó að um litla framkvæmd sé að ræða, og því legg ég hér inn þessa umsókn, og vona að mér verði ekki hegnt fyrir það, en eins og vitað er, þá ráðast margir í slíkar framkvæmdir án leyfis.

Ég hef átt samtöl við byggingafulltrúa og skipulagsstjóra og í framhaldi af því sendi ég inn þessa umsókn og gögn.

Kópavogi 22.9.2021

Jón Einarsson

0207537149

j.einars02@gmail.com

6953052